

SAMÞYKKT

um fiðurfé í Fjarðabyggð utan skipulagðra landbúnaðarsvæða.

1. gr.

Gildissvið og markmið.

Samþykkt þessi gildir um fiðurfé í Fjarðabyggð á svæðum öðrum en skipulögðum landbúnaðarsvæðum og skráðum lögbýlum.

Samþykktin er sett til að tryggja öryggi, hollustuhætti, góða umgengni og fullnægjandi mengunarvarnir vegna fiðurfjár í Fjarðabyggð.

Fiðurfé er samkvæmt þessari samþykkt allir fuglar af hænsna og andaætt. Jafnframt nær samþykktin yfir dúfnahald.

2. gr.

Leyfisveitingar og takmarkanir.

Áður en fuglahald hefst er skylt að sækja um leyfi hjá Fjarðabyggð. Telji skipulags- og framkvæmdanefnd að skilyrði til að halda fiðurfé séu fyrir hendi getur hún veitt lögráða einstaklingi eða lögaðila leyfi til að halda ákveðinn fjölda fugla á lögheimili sínu til tiltekins tíma.

Skilyrði leyfisveitinga eru:

- að tilskilin leyfi byggingar- og skipulagsyfirvalda liggi fyrir nema að skilyrði í f-lið í 2.3.5. gr. í byggingarreglugerð nr. 112/2012 sé uppfyllt,
- að umsækjandi hafi ekki gerst brotlegur við lög um velferð dýra nr. 55/2013,
- að fyrir liggi samþykki sameigenda eða leigjanda ef um fjöleignarhús er að ræða. Sama á við ef um er að ræða jörð eða fasteign í óskiptri sameign. Sé umsækjandi leigjandi skal fylgja samþykki leigusala,
- með umsókn skal fylgja skriflegt samþykki nágranna sem eiga aðliggjandi lóðir,
- óheimilt er að halda hana,
- óheimilt er að halda gæsir,
- að leyfishafi hafi yfir nægilega stórra lóð eða svæði að ráða til að fella hæsnaskít í jarðveg. Þetta skilyrði má uppfylla með framvísun samnings við aðra lóðareigendur sem áhuga hafa á áburðinum,
- leyfilegt er að halda hænur og endur, að hámarki tíu fugla á sömu lóð. Hvað varðar dúfnahald er leyfilegt að halda að hámarki sex dúfur á sömu lóð,
- fuglaheld girðing skal vera innan eða á lóðamörkum.

3. gr.

Aðbúnaður og skilyrði.

Um almennan aðbúnað og velferð dýra gilda ákvæði laga um velferð dýra nr. 55/2013 og þar að lútandi reglugerð um velferð alifugla nr. 88/2022 og velferð gæludýra nr. 80/2016.

Á lóðum þar sem veitt er leyfi til þess að vera með fiðurfé þarf að vera hæfilega stór kofi sem rúmar þann fjölda af fuglum sem leyfi er veitt fyrir. Útisvæði fugla umhverfis kofa þarf að fullnægja náttúrulegum þörfum þeirra samkvæmt sömu reglugerðum og vera fuglaheld.

Fóður skal geyma í meindýraheldum ílátum. Aðgengi að vatns- og/eða sandbaði skal vera til staðar fyrir fuglana, sbr. reglugerð nr. 88/2022.

Til staðar þarf að vera lokuð hirsla til geymslu á skít milli þess að hann er jarðgerður og nýttur með löglegum hætti. Þegar fuglaskítur er nýttur sem áburður skal leitast við að fella hann í jörð þannig að hann liggi ekki á yfirborði.

Um byggingarleyfi fyrir hæsnakofa og girðingar við þá gilda ákvæði byggingarreglugerðar.

4. gr.

Ábyrgð.

Lausaganga fiðurfjár utan lóðar eiganda er með öllu óheimil og ber eigandi fulla vörsluskyldu. Eigandi fiðurfjár er að öllu leyti ábyrgur fyrir sínum fuglum og ber að koma í veg fyrir að dýrin valdi ónæði í umhverfinu, svo sem vegna hávaða, ólyktar og hvers konar óþrifnaðar. Eiganda ber að sjá til þess að fuglahaldið laði ekki að meindýr.

5. gr.

Handsömun.

Sleppi fuglar frá eiganda eða umráðamanni skal viðkomandi tafarlaust gera ráðstafanir til að handsama þá. Fiðurfé sem er laust, utan aðhalds, skal færa í dýrageymslu á vegum sveitarfélagsins. Ef fuglanna er ekki vitjað innan einnar viku frá handsömun er heimilt að ráðstafa þeim til nýs eiganda eða selja fyrir áföllnum kostnaði. Að öðrum kosti skulu fuglar aflífaðir.

6. gr.

Kostnaður við handsömun.

Hafi fugl verið handsamaður er óheimilt að afhenda hann fyrir en að lokinni greiðslu áfallins kostnaðar. Sé eigandi ekki með leyfi til að halda fiðurfé skal afla leyfis og greiða fyrir það áður en afhending á sér stað.

Kostnaður við handsömun, geymslu eða aflifun fiðurfjár skal að fullu greiddur af eiganda þess.

7. gr.

Sjúkdómar.

Komi upp sjúkdómar eða smithætta sem að mati sóttvarnalæknis eða yfirdýralæknis geta skapað hættu fyrir heilbrigði manna, ber að hætta hæsnahaldi tafarlaust og farga fuglum í samráði við heilbrigðisnefnd.

8. gr.

Eftirlit.

Eftirlit með því að ákvæðum samþykktar þessarar sé framfylgt er í höndum heilbrigðisnefndar Austurlands samkvæmt lögum nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Fjarðabyggð fer með framkvæmd samþykktarinnar í umboði heilbrigðisnefndar. Fjarðabyggð getur ráðið dýraeftirlitsmenn eða falið starfsmönnum sínum hlutverk dýraeftirlitsmanna.

Dýraeftirlitsmenn starfa undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar. Dýraeftirlitsmenn geta leitað aðstoðar heilbrigðisnefndar, Matvælastofnunar og lögregluyfirvalda þegar þörf krefur, t.d. ef nauðsynlegt er vegna almannahagsmuna, dýravelferðar eða heilbrigðis- og öryggissjónarmiða, að fjarlægja óleyfisdyr.

9. gr.

Afturköllun leyfis.

Skipulags- og framkvæmdanefnd getur afturkallað leyfi til hæsnahalds samkvæmt samþykkt þessari ef hæsnahaldið veldur ónæði í umhverfinu, leyfishafi hefur gerst brotlegur við lög um velferð dýra nr. 55/2013 eða brotið er gegn samþykkt þessari.

10. gr.

Þvingunarúrræði.

Um þvingunarúrræði og viðurlög við brotum gegn ákvæðum samþykktar þessarar fer samkvæmt XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

11. gr.
Gjaldtaka.

Bæjarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá í samræmi við 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að standa straum af kostnaði vegna framfylgdar á samþykkt þessari. Í gjaldskrá eru upplýsingar um leyfis- og eftirlitsgjöld og þann kostnað sem leyfishafi skal bera og kann að hljóta af handsömun, fóðrun og hýsingu fuglanna.

Gjöld vegna aðkomu heilbrigðisnefndar greiðast samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

12. gr.
Úrskurðarnefnd.

Um kæruheimildir til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna samþykktar þessarar fer skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

13. gr.
Staðfesting og gildistaka.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur brott samþykkt sama efnis nr. 99/2019.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 28. ágúst 2024.

F. h. r.
Trausti Ágúst Hermannsson.

Guðmundur B. Ingvarsson.